

Samkvæmt þessu telst heildartjón stefnanda kr. 3.400.000. Ber stefndu að greiða þá fjárhæð óskipt með vöxtum, eins og krafist er.

Þá ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda óskipt málskostnað, sem ákveðst kr. 900.000.

Dómsorð:

Stefndu, Íslenskir aðalverktakar s/f, Samvinnutryggingar g/t, Helga Thorberg og Hagtrygging h/f, greiði óskipt stefnanda, Árna Sigurpálssyni, kr. 3.400.000 með 13% ársvöxtum frá 21. desember 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 22. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979 og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og 900.000 krónur í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. maí 1982.

Nr. 210/1979. Bragi Björnsson

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Guðlaugur Claessen hrl.).

Opinberir starfsmenn. Niðurlagning stöðu. Krafa samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954 ekki tekin til greina.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1979. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 32.814.59 krónur með 19% ársvöxtum af

5.039.76 krónum frá 1. júlí 1978 til 1. ágúst s. á., af 10.079.52 krónum frá þeim degi til 1. september s. á., af 15.132.47 krónum frá þeim degi til 1. október s. á., af 20.185.42 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s. á., af 25.238.37 krónum frá þeim degi til 1. desember s. á., af 30.291.32 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1979, af 32.814.59 krónum frá þeim degi 1. júní s. á., með 22% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 15. júní s. á., með 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., með 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er krafist lægri fjárhæðar að mati dómsins.

Stefndi gerði þessar dómkröfur:

Aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

1. varakrafa hans er, að hann verði ekki dæmdur til að greiða hærri fjárhæð en 10.589.00 krónur með 19% ársvöxtum af 1.939.40 krónum frá 1. júlí 1978 til 1. ágúst s. á., af 3.878.80 krónum frá þeim degi til 1. september s. á., af 5.556.35 krónum frá þeim degi til 1. október s. á., af 7.233.90 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s. á., af 8.911.45 krónum frá þeim degi til 1. desember s. á., en með sömu vöxtum og áfrýjandi krefst af 10.589.00 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

2. varakrafa stefnda er sú, að hann verði ekki dæmdur til að greiða hærri fjárhæð en 16.788.90 krónur með 19% ársvöxtum af 5.039.35 krónum frá 1. júlí 1978 til 1. ágúst s. á., af 10.078.70 krónum frá þeim degi til 1. september s. á., af 11.756.25 krónum frá þeim degi til 1. október s. á., af 13.433.80 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s. á., af 15.111.35 krónum frá þeim degi til 1. desember s. á., en með sömu vöxtum og áfrýjandi krefst af 16.788.90 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Pá er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

3. varakrafa stefnda er sú, að hann verði dæmdur til að greiða aðra hærri fjárhæð að mati réttarins og að málskostnaður verði felldur niður.

Fyrsta varakrafa stefnda er fundin með því að reikna mismun launa aðstoðarbankastjóra 1. júlí til 31. desember 1978, en slíkra launa naut áfrýjandi, meðan hann var starfsmaður Viðlagasjóðs, og launa þessa sömu 6 mánuði eftir 11. flokki, 3. þrepi, í kjarasamningi bankamanna, en áfrýjandi tók laun eftir þessum flokki og launaþrepi, eftir að hann hóf störf í Landsbanka Íslands 1. september 1978. Önnur varakrafa stefnda er fundin með því að leggja saman laun aðstoðarbankastjóra í júlí og ágúst 1978 og síðan launamun mánuðina september—desember með sama hætti og í fyrri varakröfu.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í máli þessu er ekki deilt um, að uppsagnarfrestur eftir bréfi því, sem áfrýjanda var sent 13. mars 1978 og getið er í héraðsdómi, hafi verið nægilegur, heldur einungis um það, hvort áfrýjandi eigi rétt til launa skv. 14. gr. laga nr. 38/1954 vegna þess, að staða hans hafi verið lögð niður. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með tilvísun til forsendna hans.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. október 1979.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 21. september sl., höfðaði Bragi Björnsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri, Rauðalæk 26, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 15. febrúar 1979, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu á bótum og orlofsfé, samtals að fjárhæð kr. 3.281.459 með 19% ársvöxtum af kr. 503.976 frá 1. júlí 1978 til 1. ágúst 1978, af kr. 1.007.952 frá þeim degi til 1. sept. 1978,

af kr. 1.513.274 frá þeim degi til 1. okt. 1978, af kr. 2.018.542 frá þeim degi til 1. nóv. 1978, af kr. 2.523.837 frá þeim degi til 1. des. 1978, af kr. 3.029.132 frá þeim degi til 1. jan. 1979, en af kr. 3.281.459 frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Við munnlegan málflutning hækkaði lögmaður stefnanda með samþykki lögmanns stefnda vaxtakröfu sína á þá leið að krefjast 19% ársvaxta af stefnufjárhæðum til 1. júní 1979, en 22% ársvaxta frá þeim degi til 1. september 1979 og 27% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Að öðru leyti voru dómkröfur óbreyttar frá því, sem greint er í stefnu.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur, að stefndi verði að fullu sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Við þingfestingu málsins var lagt fram samkomulag um að ganga fram hjá sáttanefnd.

Hér fyrir dómi hefur verið leitað um sáttir í málinu, en án árangurs.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi réðst til starfa hjá Viðlagasjóði 12. maí 1974. Áður vann stefnandi í Landsbanka Íslands og var í Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka Íslands. Stefnandi fékk leyfi frá Landsbankanum til áramóta 1974—1975. Stefnandi vann hjá Viðlagasjóði til 30. júní 1978, en þá hætti hann skv. uppsagnarbréfi, dags. 13. mars 1978. Þann tíma, sem stefnandi vann hjá sjóðnum, var hann í Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans. Stefnandi hóf störf að nýju í Landsbanka Íslands 1. september 1978.

Mál þetta höfðar stefnandi til greiðslu sex mánaða launa skv. 14. gr. laga nr. 38/1954.

Stefnandi var yfirheyrdur hér fyrir dómi vegna máls þessa. Fram kom hjá honum, að hann hafi hafið störf hjá Viðlagasjóði 12. maí 1974, en fyrir þann tíma hafi stefnandi unnið í Landsbanka Íslands og verið forstöðumaður útflutningslána sjóðs. Stefnandi kvaðst hafa fengið hærri laun hjá Viðlagasjóði en hann hafði hjá Landsbankanum. Helgi Bergs hafi ráðið stefnanda til starfa hjá Viðlagasjóði og hafi hann fengið samþykki stjórnar Landsbanka Íslands til þess, að stefnandi fengi leyfi frá störfum til áramóta 1974—1975. Meira hafi ekki verið talað um í upphafi. Stefnandi kveðst hafa verið á launaskrá bankans fram að ára-

mótunum 1974—1975, en þá hafi stefnandi farið af launaskrá hjá bankanum og á kaup hjá Viðlagasjóði. Til áramóta hafi stefnandi fengið kaup hjá Landsbankanum, en Viðlagasjóður borgað mismuninn. Síðan hafi Viðlagasjóður gert upp við Landsbankann um áramót. Benedikt Guðbjartsson hafi verið ráðinn í starf stefnanda í Landsbankanum, en Reinhold Kristjánsson lögfræðingur gegni því starfi í dag.

Stefnandi var spurður um það, hvort hann hafi talist vera í fríi frá Landsbankanum allan tímann, sem hann var hjá Viðlagasjóði. Því svaraði stefnandi, að hann hafi talið sig vera orðinn lausan allra mála við Landsbankann eftir því sem tímar liðu, því það hafi verið komnir aðrir menn í hans starf og hann hafi talið sig lausan allra mála og bankinn verið laus við sig. Ekki hafi verið gengið formlega frá þessu.

Stefnandi hafi verið á launum aðstoðarbankastjóra hjá Viðlagasjóði og hafa haft 13 mánaða laun. Þau laun hafi verið allmiklu hærri en laun þau, sem stefnandi hafði við fyrra starf sitt hjá Landsbankanum. Stefnandi kvaðst í dag hafa í laun um kr. 500 þús. og kvaðst geta trúað, að aðstoðarbankastjóri væri með 7—800 þúsund. Stefnandi kvaðst halda, að mánaðarlaun í núverandi starfi séu þau sömu og í fyrra starfi hans í bankanum, nema það að hann sé 1% stigi lægri í launum núna en hann væri, ef hann hefði haldið áfram stöðugt vinnu í Landsbankanum. Nú fái hann 5% álag á laun eftir 10 ára starf, en ef þessi tími, sem hann var hjá Viðlagasjóði, væri reiknaður með sem bankastörf, þá væri hann með 6% álag. Menn fái 5% álag eftir 10 ár, en 6% álag eftir 16 ár. Stefnandi kvaðst vera búinn að vera ca 7 ár í Útvegsbankanum og 7 ár í Landsbankanum og svo þessi 4 ár hjá Viðlagasjóði. Þessi 4 ár, sem stefnandi var hjá Viðlagasjóði, séu ekki talin með, þannig að stefnandi sé ekki búinn að vera nema 14 ár í bankanum og fái þess vegna ekki nema 5% álag í stað 6%. Ef stefnandi hefði verið í bankanum áfram, þá væri hann fyrir þó nokkru kominn í 6%.

Stefnandi kvaðst ekki hafa reiknað með framtíðarstarfi hjá Viðlagasjóði í upphafi, því þá hafi verið takmarkað verkefni, Vestmannaeyjar, og hafi það náttúrulega hlotið að taka enda eftir einhver ár. En eftir að Neskaupstaður og allt landið var komið undir Viðlagasjóð, hafi stefnandi reiknað með framtíðarstarfi þarna. Eftir snjóflóðið á Norðfirði hafi verið samþykkt lög vegna fjáröflunar til Viðlagasjóðs vegna snjóflóða á Neskaupstað og hafi þá legið ljóst fyrir, að Viðlagasjóður yrði með hamfarabætur á

öllu landinu. Á hverju ári verði tugir snjóflóða og sambærilegra slysa. Þessi slys séu ekki sambærileg við þessi stóru. Þau 19 mál, sem hafi verið hjá landsdeildinni, hafi kannski verið lítil mál út af fyrir sig, en það hafi verið tiltölulega mikil vinna við þau. Það hafi verið 20 milljónir, sem hafi verið greiddar fyrir þessi 19 tjón, sem hafi verið vegna snjóflóða um þetta leyti og seinna á tímabilinu. Stærstu tjónin hafi verið á Siglufirði, þar hafi farið tvö hús.

Það hafi verið ljóst, þegar lögin um Viðlagatryggingu Íslands höfðu verið samþykkt, að þá var þar með búið að leggja Viðlagasjóð niður.

Stefnandi kvaðst hafa hafið störf hjá Landsbankanum 1. september, eftir að hann hætti störfum hjá Viðlagasjóði. Stefnandi kvaðst ekki hafa ætlað að fara aftur í bankann og hafa verið búinn að leita fyrir sér annars staðar.

Stefnanda minnti, að í fyrstu hafi starfsmenn á skrifstofu Viðlagasjóðs verið 12, þeim hafi síðan fækkað og síðast hafi starfsmennirnir verið bara 3, það er stefnandi, sem var framkvæmdastjóri, Þorgeir Halldórsson skrifstofustjóri og Helga Óskarsdóttir fulltrúi, en hún hafi jafnframt fulltrúastarfinu annast vélritun og símavörslu. Aðrir starfsmenn en þessi þrjú síðasttöldu hafi yfirleitt hætt sjálfir, það hafi verið orðið það lítið að gera, það hafi legið í loftinu, að þeim yrði sagt upp vegna minnkandi verkfna, og þá hafi þeir fengið sér vinnu svona smátt og smátt, þannig að það hafi ekki þurft að segja þeim upp.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að Viðlagasjóður hafi verið ríkisstofnun, sbr. lög nr. 4/1973 um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey. Í starfi sínu fyrir Viðlagasjóð hafi stefnandi því verið ríkisstarfsmaður og þar af leiði, að um réttarstöðu hans fari skv. lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ákvæði 14. gr. laganna tryggi mönnum bætur, þegar staða sé lögð niður. Bæturnar séu ákveðnar þannig, að starfsmaðurinn eigi að fá bætur, sem svari til fastra launa, er starfinu fylgdu, í sex mánuði, frá því að hann lét af starfinu, ef þjónustualdurinn sé skemmri en 15 ár. Af þessu ákvæði leiði, að stefnandi eigi rétt til launa tímabilið 1. júlí 1978 til 31. desember 1978. Stefnufjárhæðin miðist við þann launaflokk og það launaprep, sem stefnandi þáði laun eftir, er hann lét af störfum, að viðbætt-

um 8.33% vegna orlofs. Stefnandi hafi þegið laun samkvæmt launaflokki aðstoðarbankastjóra í kjarasamningi bankamanna.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

Laun í júlí 1978	kr.	503.976
Laun í ágúst 1978	—	503.976
Laun í september 1978	—	505.295
Laun í október 1978	—	505.295
Laun í nóvember 1978	—	505.295
Laun í desember 1978	—	505.295
		Kr. 3.029.132
Til viðbótar komi síðan 8.33%	—	252.327
Samtals		kr. 3.281.459

Viðlagasjóður hafi verið lagður niður 30. júní 1978. Ástæða til uppsagnarinnar sé þannig alfarið byggð á því, að staða stefnanda var lögð niður. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 tryggi ríkisstarfsmönnum bætur, þegar staða sé lögð niður, ýmist með sex mánaða launum eða tólf mánaða launum, frá því að viðkomandi lét af starfi. Viðlagasjóður geti ekki tekið þennan lögákveðna bótarétt af starfsmönnum sínum. Máli sínu til stuðnings bendir stefnandi á eftirtalda dóma Hæstaréttar, 1965, bls. 400, 1966, bls. 275, 1964, bls. 936, 942, 948 og 954. Enn fremur 1953, bls. 231 og 318, 1954, bls. 127.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að nokkur bótaskylda ríkissjóðs hafi stofnast vegna þeirrar uppsagnar, sem er grundvöllur málssóknarinnar. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 geti ekki að réttu lagi átt við um starfsemi Viðlagasjóðs, enda hafi verkefni hans verið þess eðlis, að þeim hafi hlotið að vera markaður aldur þegar í upphafi. Í kjölfar jarðelda á Heimaey á árinu 1973 hafi verið sett lög nr. 4/1973 um neyðarráðstafanir vegna jarðeldanna. Samkvæmt þessum lögum hafi Viðlagasjóður verið settur á fót, en hlutverk hans hafi m. a. átt að vera það að stuðla að endurreisn byggðar í Vestmannaeyjum með hvers kyns fyrirgreiðslu og tjónbótum og draga þannig úr áhrifum náttúruhamfaranna á afkomu og atvinnulíf Vestmannaeyinga og þjóðarheildarinnar. Viðlagasjóður hafi tekið við verkefnum svonefndrar Vestmannaeyjanefndar, sem starfað hafi að neyðarráðstöfunum í þrjár vikur. Vestmannaeyjanefnd hafi þegar ráðið sér starfsmenn, sem fengnir voru að láni úr bönkum. Fyrstu starfs-

mennirnir á skrifstofu Viðlagasjóðs hafi verið bankamenn og hafi verið ákveðið að miða launakjör við kjarasamninga banka-
starfsmanna.

Stefnandi hafi hafið störf hjá Viðlagasjóði í maí 1974. Á stjórn-
arfund 7. maí þ. á. hafi verið gerð svofelld bókun: „Formaður
skýrði frá tilraunum, sem hann hafi gert til að ráða framkvæmda-
stjóra fyrir sjóðinn. Nú væri Bragi Björnsson, lögfæðingur hjá
Landsbanka Íslands, tilbúinn að taka að sér starfið og jafnframt
væri fyrir hendi heimild frá bankastjórn Landsbankans um, að
hann fengi frí frá störfum til næstu áramóta. Formanni var heim-
ilað að ráða Braga til starfsins.“ Skriflegur ráðningarsamningur
muni ekki hafa verið gerður við stefnanda. Ráðning hans eins
og annarra starfsmanna á skrifstofu Viðlagasjóðs hafi verið byggð
á kjarasamningum bankamanna og hafi hann þegið laun sam-
kvæmt launaflokki aðstoðarbankastjóra, fyrirfram fyrir hvern
mánuð. Stefnandi hafi haldið áfram aðild sinni að Eftirlaunasjóði
starfsmanna Landsbanka Íslands, meðan hann starfaði hjá Við-
lagasjóði, og hafi sjóðurinn reglulega staðið skil á iðgjöldum til
eftirlaunasjóðsins, bæði hluta vinnuveitanda og sjóðfélaga. Frí
stefnanda hjá Landsbanka Íslands hafi verið framlengt eftir því
sem teygðist úr starfstíma Viðlagasjóðs. Stefnandi hafi ekki komið
aftur til starfa þar fyrr en 1. september 1978, tveim mánuðum
eftir starfslok Viðlagasjóðs.

Tilvist Viðlagasjóðs hafi verið svo sérstaks eðlis, að um hann
hljóti að gilda sérsjónarmið að verulegu leyti. Viðlagasjóði hafi
aldrei verið ætlað að starfa nema um tiltölulega skamma hríð,
þar til brýnasta endurreisnarstarfi í Vestmannaeyjum væri lokið.
Lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954
geti því ekki tekið til starfrækslu og starfsmanna Viðlagasjóðs í
einu og öllu, þótt rétt sé að taka mið af meginreglum þeirra eftir
því sem við kunni að eiga. Starfsmenn Viðlagasjóðs hafi ekki verið
ríkisstarfsmenn í þeim skilningi, að þeir nytu óskoraðrar rétt-
arstöðu starfsmannalaganna á borð við starfsmenn ríkisins yfir-
leitt. Með hliðsjón af eðli og tilgangi Viðlagasjóðs sé sérstaklega
fjarstætt, að ákvæði laganna um æviráðningu og niðurlagningu
stöðu geti tekið til starfsmanna hans. Fallist rétturinn ekki á
þessar röksemdir og telji, að ákvæði laga nr. 38/1954 eigi hér að
öllu leyti við, beri engu að síður að sýkna stefnda. Samkvæmt
14. gr. laganna sé það skilyrði bóta vegna niðurlagningar stöðu,
að starfsmaður hafi ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á
vegum ríkisins. Stefnandi hafi tekið aftur við fyrra lögfræði-

starfi sínu hjá Landsbanka Íslands aðeins tveim mánuðum eftir starfslok Viðlagasjóðs. Þar sem ekki hafi verið fram á það sýnt, að störf stefnanda hjá Landsbanka og Viðlagasjóði hafi ekki í meginatriðum verið sambærileg um virðingu og réttargæði, beri að sýkna stefnda þegar af þeirri ástæðu, að bótaskilyrði 14. gr. sé ekki fullnægt.

Í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 38/1954 hafi það verið tekið fram, að annar megintilgangur 14. gr. væri sá „að tryggja þeim starfsmanni, er staða hans er lögð niður, t. d. af sparnaðarástæðum, laun, sem svara ríflegum uppsagnarfresti“. Hér sé við það miðað, að eðlilegt sé, að sá starfsmaður, sem ekkert hefur til saka unnið, njóti betri réttar en hinn, sem af gildum ástæðum er vikið frá störfum gegn vilja sínum. Þetta sé gert í því skyni, að starfsmaðurinn fái nægilegt ráðrúm til að afla sér nýrrar atvinnu án þess að skaðast fjárhagslega á þeim biðtíma, sem þarna kunni að myndast. Það hafi verið ljóst þegar á árinu 1975, að Viðlagasjóði var ætlað að ljúka störfum í árslok 1976 og Viðlagatrygging Íslands skyldi þá taka við af honum, sbr. lög nr. 52/1975. Á sameiginlegum fundi stjórnar Viðlagasjóðs og Viðlagatryggingar 29. desember 1976 hafi verið gengið frá yfirtöku Viðlagatryggingar á málefnum Viðlagasjóðs, en þennan dag hafi sjóðsstjórnin lokið störfum sínum og hafi umboð hennar runnið út á síðasta degi þessa árs. Hins vegar hafi orðið verulegar tafir á því, að unnt væri að ljúka ýmsum uppgjörum, einkum við Vestmannaeyjakaupstað og Síldarvinnsluna á Norðfirði, svo og frágangi á nokkrum eignasölum. Því hafi orðið að ráði, að nokkrir starfsmenn Viðlagasjóðs héldu áfram störfum og þá á ábyrgð Viðlagatryggingarinnar. Á fundi stjórnar Viðlagatryggingar Íslands 10. mars 1978 hafi verið ákveðið, að starfsemi skrifstofu Viðlagasjóðs yrði hætt 30. júní 1978 í síðasta lagi, og hafi öllu starfsfólki í samræmi við það verið sagt upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara. Stefnanda hafi því verið ljóst um langa hríð, að hverju stefndi, og hafi hann haft óvenju gott tóm til að leita sér nýrra starfa, ef hann ekki vildi hverfa til fyrra starfs síns í Landsbanka Íslands. Stefnumkrafan sé því auk alls annars í augljósri og beinni andstöðu við megintilgang 14. gr. laga nr. 38/1954.

Álit dómsins.

Þegar litið er til aðdraganda að stofnun Viðlagasjóðs, þ. e. eldgossins á Heimaey, og hlutverks sjóðsins skv. lögum nr. 4/1973

og reglugerð nr. 62/1973, þykir það hafa líkur gegn sér, að við ráðningu starfsmanna sjóðsins hafi verið stofnað til æviráðningar starfsmanna. Enda bar stefnandi hér fyrir dómi, að þá er hann var ráðinn til starfa fyrir Viðlagasjóð, hafi hann ekki reiknað með framtíðarstarfi hjá sjóðnum, en eftir að Neskaupstaður og allt landið var komið undir Viðlagasjóð, hafi hann reiknað með framtíðarstarfi hjá sjóðnum. Enn fremur kom fram hjá stefnanda, að ljóst hafi verið, þegar lög in um Viðlagatryggingu Íslands höfðu verið samþykkt, að þá hafi þar með verið búið að leggja Viðlagasjóð niður.

Þá er stefnandi réðst til starfa hjá Viðlagasjóði 12. maí 1974, voru í gildi lög um Viðlagasjóð nr. 4 frá 7. febrúar 1973 og reglugerð nr. 62 frá 27. mars 1973. Með lögum nr. 5 frá 28. febrúar 1975 var stofnuð til bráðabirgða sérstök deild við Viðlagasjóð vegna snjóflóða, sem féllu á Noðfirði 20. desember 1974. Í lögum þessum er mælt fyrir um tímabundna fjáröflun til Viðlagasjóðs og skiptingu tekna á milli Norðfjarðardeildar og vegna eldgossins í Vestmannaeyjum. Í 6. gr. laganna er stjórn Viðlagasjóðs heimil að í samráði við stjórn Bjargráðasjóðs að bæta tjón, sem orðið hafa af náttúruhamförum eða verða annars staðar á landinu. Lög um Viðlagatryggingu Íslands eru nr. 52 frá 27. maí 1975. Samkvæmt 21. gr. þeirra skal Viðlagatrygging Íslands taka við eignum og skuldum Viðlagasjóðs 1. janúar 1977, enda féllu þann dag úr gildi lög nr. 4/1973 og lög nr. 5/1975.

Þannig, að tímabilið 28. febrúar 1975 til 27. maí 1975 hefur stefnandi að eigin sögn reiknað með framtíðarstarfi hjá Viðlagasjóði, en eftir 27. maí 1975 var honum ljóst, að sjóðurinn yrði lagður niður 1. janúar 1977. Af lögum nr. 52/1975 er ljóst, að Viðlagatryggingu Íslands er ekki ætlað að hafa eigin starfsmenn.

Þegar til þess er litið, sem að framan hefur verið rakið úr framburði stefnanda um ráðningu hans til starfa fyrir Viðlagasjóð, leyfis hans frá störfum í Landsbankanum, þess, að hann sagði aldrei upp starfi sínu hjá bankanum, hann fór að nýju til starfa hjá Landsbankanum, hann var allan starfstíma sinn hjá Viðlagasjóði í Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka Íslands, svo og þegar litið er til hlutverks Viðlagasjóðs, þá þykir verða að fallast á þá skoðun stefnda, að 14. gr. laga nr. 38/1954 eigi ekki við um það, þegar staða stefnanda hjá Viðlagasjóði var lögð niður.

Niðurstaða máls þessa er því sú, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.
 Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn
 af kröfum stefnanda, Braga Björnssonar, í máli þessu.
 Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 12. maí 1982.

Nr. 211/1979. **Þorgeir Halldórsson**
 (Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
 gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
 (Gunnlaugur Claessen hrl.).

Opinberir starfsmenn. Niðurlanging stöðu. Krafa samkvæmt
 14. gr. laga nr. 38/1954 ekki tekin til greina.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1979. Hann krefst þess, að stefndi greiði sér 22.809.21 krónu með 19% ársvöxtum af 3.285.95 krónum frá 1. ágúst 1978 til 1. september s. á., af 6.571.90 krónum frá þeim degi til 1. október s. á., af 10.149.80 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s. á., af 13.727.70 krónum frá þeim degi til 1. desember s. á. og af 17.305.60 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1979. Frá þeim degi greiðist ársvextir af 22.809.21 krónu sem hér segir: 19% til 1. júní 1979, 22% frá þeim degi til 15. s. m., 39.5% frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% frá þeim degi til 1. júní s. á. og síðan 39% frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og